

Vínilskeri í kennslu

Í Álfhólsskóla er til vínilskeri sem er staðsettur í upplýsingaverinu í Hjalla. Í skólanum starfar aftur á móti aðeins einn kennari sem hefur farið á námskeið, prófað sig áfram og náð tókum á því að nýta vínilskerann og forritið inkscape í kennslu. Af þeim sökum eru tækifærin sem skapast með því að eiga tækið ekki nýtt til fulls, því tækið gæti vissulega verið notað svo miklu meira.

Á skólaárinu er stefnt að því að efla þekkingu og færni starfsmanna innan skólans við að nýta vínilskerann í kennslu, fjölga þar með tækifærum nemenda til að nýta sér tækið og möguleika þess og um leið efla lærdómsamfélagið okkar með því að fá viðkomandi kennara sem kann á tækið til að halda námskeið og kenna fleirum.

Meginmarkmið námskeiðsins er m.a. að hópur kennara öðlist færni og þekkingu til þess að nýta vínilskera í kennslu sinni. Námskeiðið styður við kennara við að ná markmiðum aðalnámskrár um að vinna með sköpun, læsi og sjálfbærni á áþreifanlegan hátt, t.d. í verkefnum þar sem nemendur endurnýta föt með því að hanna logo/myndir, skera út í vínilskera og festa á efniviðinni. Hinn almenni kennari getur líka stutt við nemendur við að hanna ýmsar merkingar, orð eða mælieingingar sem má svo nýta í fjölbreyttri kennslu, t.d. merkja umhverfi með orðum á íslensku og öðrum tungumálum, í ýmiskonar nýsköpunarvinnu o.fl. Með þessu móti eru verkgreinar og sköpun í auknu mæli samþættar öðrum greinum.

Námskeiðið er einnig liður í að vinna að heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna, sér í lagi eftirfarandi markmiðum:

- Menntun fyrir alla: Með auknum merkingum og myndrænum útfærslum í skólaumhverfinu má betur koma til móts við ólíkar þarfir nemenda.
- Sjálfbærni: Kennararnir okkar læra hver af öðrum og viðhalda þekkingunni á vínilskeranum og notkun hans í skólanum. Auk þess sem tæknin sem fylgir vínilskeranum eykur við ýmsa möguleika til endurnýtingar, t.d. á fötum og öðrum efnivið.
- Nýsköpun og uppbygging: Notkun vínilskera í kennslu styður við og hvetur til sköpunar, nýsköpunar og uppbyggingar.

Markmið fyrir nemendur:

- Tíðari tækifæri til sköpunar og notkunar á ímyndunaraflinu.
- Efla hæfileika sína til nýsköpunar og að leita lausna á vandamálum.
- Geti þróað eigin hugmyndir og unnið eftir ferli.
- Hannað afurð sína á skapandi og persónulegan hátt.

Markmið fyrir kennara:

- Nýta þau tæki og tól sem til eru í skólanum til fulls.

- Viðhalda færni og þekkingu starfsmanna í skólanum og efla um leið lærdómssamfélagið.
- Öðlast færni til að leiða nemendur áfram í að verða sjálfstæðir í eigin verki.